

# Veðjum á okkar hesta!

Gefið af Ágúst Sigurðsson  
sunnudagur, 09 október 2016

Snillingurinn Valgarð frá Kirkjubæl/Ljósm. J. Mukka

Frjósemin var í ágætu lagi í sumar og von á einum 8 folöldum næsta vor. Á þessu sinni veðjuðum við dálítið á Kirkjubæjarhesta okkar. Þynirós er fylfull við Dropa frá Kirkjubæ, Lilja, Ísafold og Strönd eru fylfullar við Valgarð frá Kirkjubæ og Freisting gamla fylfull við Sjóði frá Kirkjubæ. Þá er Dögg fylfull við Arði frá Brautarholti, Alparós var hjá Eldi frá Torfunesi og Voröld hjá Jökli frá Rauðalæk. Það verður tilhlökkunarefni að sjá hvað kemur út úr þessu hjá okkur á vori komanda.

